

**2006 nr. 68 14. júní****[Lög um Matís ohf.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 71/2021, 31. gr.

**Tóku gildi 30. júní 2006.** *Breytt með:* L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 88/2020 (tóku gildi 22. júlí 2020 nema 14. gr. sem tók gildi 1. jan. 2021). L. 71/2021 (tóku gildi 29. júní 2021 nema 29. gr. sem tók gildi 1. júlí 2021).

**■ 1. gr.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag . . .<sup>1)</sup> um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknna Keldnaholti, sbr. samstarfssamning milli Iðntækni- stofnunar og Landbúnaðarháskólans, og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar.

□ Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu ís- lenska ríkisins og stofnfé ákveðið í fjárlögum.

<sup>1)</sup> L. 71/2021, 28. gr.

**■ 2. gr.**

□ Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköp- un á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og mat- vælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.

□ Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í sam- þykktum þess. Heimilt er félaginu að stofna nýtt félag eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starf- seminnar. Þá skal því einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

□ Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr.

**■ 3. gr.**

□ Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

**■ 4. gr.**

□ Stjórn félagsins skal skipuð [fimm fulltrúum].<sup>1)</sup> Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. [Ráðherra]<sup>2)</sup> fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu.

<sup>1)</sup> L. 71/2021, 29. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 432. gr.

**■ 5. gr.**

□ Þegar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Mat-

vælarannsóknna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfis- stofnunar verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um rétt- indi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðila- skipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum framangreindra ríkisstofnana.

□ Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í fram- angreindum ríkisstofnunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

**■ 6. gr.**

□ Starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Mat- vælarannsóknna Keldnaholti eða rannsóknastofu Umhverfis- stofnunar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mán- aða uppsagnarfresti í hálf t starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrir en hann lætur af því starfi.

**■ 7. gr.**

□ [Matís ohf.]<sup>1)</sup> er skylt að halda uppi tilskilinni öryggis- þjónustu á sviði matvælarannsóknna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.

<sup>1)</sup> L. 71/2021, 30. gr.

**■ 8. gr.**

□ Félagið skal hefja rekstur 1. janúar 2007.

**■ 9. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

**■ 10. gr. . . .****Ákvæði til bráðabirgða.****■ I.–III. . . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 88/2020, 12. gr.

**■ IV.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er heimilt að viðhalda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem lögaðila án starfsemi vegna upp- gjörs og aðildar að samningum sem ákvörðun hefur verið tekin um fyrir 1. janúar 2007.